

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar í Stykkishólmsbæ.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar, Víkurgata 8, Stykkishólmsbær.

Í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Stykkishólms, þann 20. maí 2009, óverulega breytingu á deiliskipulagi miðbæjar. Breytingin felst í stækkun byggingarreits þar sem heimilt er að endurbyggja og stækka útihús á lóð fyrir bílskúr, bátaskýli og vinnustofu með geymslulofti.

Uppdrættirnir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 29. maí 2009.

Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. júní 2009